



TILKYNNING UM UPPSÖGN LEIGUSALA Á ÓTÍMABUNDNUM HÚSALEIGUSAMNINGI

Skv. 55. gr. a. húsaleigulaga – uppsögn leigusala á ótímabundnum húsaleigusamningi

Nafn viðtakanda:	
Kennitala viðtakanda:	
Heimilisfang viðtakanda:	
Póstnúmer viðtakanda:	
Nafn leigusala:	
Kennitala leigusala:	
Heimilisfang leiguíbúðar:	
Fasteignanúmer leiguíbúðar:	
Upphafsdagur húsaleigusamnings:	

Rökstuðningur fyrir uppsögn ótímabundins samnings (í samræmi við útfylltan reit á baksíðu):

Hið leigða húsnæði er í sama húsi og leigusali býr í sjálfur.

Leigusali ráðstafar eða hyggst ráðstafa húsnæðinu til a.m.k. eins árs til skyldmenna í beinan legg, kjörbarna, fósturbarna, systkina, systkinabarna eða tengdforeldra.

Leigjandi er starfsmaður leigusala og hefur fengið afnot af húsnæði eða hluta húsnæðis til íbúðar vegna þess starfs og leigjandi lætur af störfum að eigin ósk, honum er sagt upp eða vikið úr starfi eða fyrir fram umsömdum ráðningartíma lýkur.

Sanngjarnt mat á hagsmunum beggja aðila og aðstæðum öllum réttlætir að öðru leyti uppsögn ótímabundins leigusamnings.

Íbúð er leigð með húsgögnum að öllu eða verulegu leyti nema um sé að ræða leigusala sem leigir út samtals þrjár eða fleiri sérgreindar íbúðir og/eða herbergi.

Leigusali hyggst selja húsnæðið á næstu sex mánuðum eftir lok leigutímans. Er aðilum þá heimilt, þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara, að semja um lok leigutíma með ákveðnum skilyrðum og rýmingu þegar húsnæðið verður afhent nýjum eiganda.

Leigusali er lögaðili sem ekki er rekinn í hagnaðarskyni og leigjandi uppfyllir ekki lengur lögmæt og málefnaleg skilyrði leigusala fyrir leigu húsnæðis eða veitir ekki nauðsynlegar upplýsingar svo unnt sé að staðreyna hvort hann uppfylli skilyrðin, enda komi fram í leigusamningi að réttur hans til hins leigða sé bundinn umræddu skilyrði.

Leigusali tekur húsnæðið til eigin nota.

Fyrirhugaðar eru verulegar viðgerðir, endurbætur eða breytingar á húsnæðinu á næstu sex mánuðum frá lokum leigutímans sem gera húsnæðið óíbúðarhæft um a.m.k. tveggja mánaða skeið að mati úttektaaðila, sbr. XIV. kafla.

Leigjandi hefur á annan hátt vanefnt skyldur sínar á þann veg, eða sýnt af sér slíka háttsemi, að eðlilegt megi telja að leigusali vilji ekki leigja honum áfram eða að veigamiklar ástæður að öðru leyti réttlæti uppsögn samningsins.

Leigjandi hefur á leigutímanum gerst sekur um vanefndir eða brot sem varðað gátu riftun.

Dagsetning undirritunar:

Undirskrift
F.h.